

Ed.

861. Breytingartillögur

[261. mál]

við frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Við 14. gr. bætist ný málsgrein er verði 10. mgr. og hljóði svo:

Ef fyrirtæki eða rannsóknastofnun fæst við framleiðslu á ónæmisefnum handa dýrum má víkja frá ákvæðum 1. tl. 3. mgr., enda sé tryggt að mati yfirdýralæknis og Lyfjaeftirlits ríkisins að hlutaðeigandi forstöðumaður hafi til að bera nægilega menntun og reynslu til að veita framleiðslunni forstöðu.

2. 9. gr. falli niður.

3. 5. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er að kalla til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera lyfjanefnd til ráðgjafar þegar þurfa þykir og skulu nánari ákvæði um það sett í reglugerð, sbr. 31. gr.

4. 16. gr. falli niður.